

Reglugerð nr. 954/2013

Textinn hér að neðan er heildarútgáfa reglugerðar nr. [954/2013](#) um þrávirk lífræn efni, með áorðnum breytingum til 10. október 2016.

Sé munur á innihaldi eða uppsetningu hér að neðan og í hverri reglugerð fyrir sig eins og þær birtast á vef Stjórnartíðinda gildir textinn á vef Stjórnartíðinda.

Nýjustu heildarútgáfur (e. latest consolidated version) reglugerða Evrópusambandsins á ensku má nálgast á vef [EUR-Lex](#).

1. gr.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins sem vísað er til í XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

- a) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 9. júlí 2009, 2009/EES/37/23 bls. 135-152.

Þrátt fyrir 1. málsli. a-liðar 1. mgr. gildir eftirfarandi:

Í stað orðanna "Innflutningur inn á tollsvæði Bandalagsins" í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. [850/2004](#) kemur: Innflutningur inn á tollsvæði EES-ríkja.

- b) Reglugerð ráðsins (EB) nr. [1195/2006](#) frá 18. júlí 2006 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 9. júlí 2009, 2009/EES/37/24 bls. 153-155.
- c) Reglugerð ráðsins (EB) nr. [172/2007](#) frá 16. febrúar 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 9. júlí 2009, 2009/EES/37/25 bls. 156-161.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. [323/2007](#) frá 26. mars 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007, þann 28. september 2007. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 37 frá 9. júlí 2009, 2009/EES/37/26 bls. 162-163.

- e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. [304/2009](#) frá 14. apríl 2009 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) að því er varðar meðhöndlun úrgangs sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni, í varmaferlum og málmframleiðsluferlum, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2010, þann 12. júní 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 56 frá 7. október 2010, 2010/EES/56/25 bls. 238-241.
- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [756/2010](#) frá 24. ágúst 2010 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2012, þann 7. desember 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 16 frá 14. mars 2013, 2013/EES/16/58 bls. 282-290.
- g) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [757/2010](#) frá 24. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. og III. viðauka, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2012, þann 7. desember 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 16 frá 14. mars 2013, 2013/EES/16/59 bls. 291-298.
- h) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [519/2012](#) frá 19. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk lífræn efni að því er varðar I. viðauka, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2013, þann 3. maí 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 28 frá 16. maí 2013, 2013/EES/28/27 bls. 263-266.
- i) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [1342/2014](#) frá 17. desember 2014 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2015, þann 30. apríl 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34 frá 18. júní 2015, 2015/EES/34/06, bls. 45-52.
- j) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [2015/2030](#) frá 13. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2016, þann 5. febrúar 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 18 frá 31. mars 2016, 2016/EES/18/34, bls. 209-211.
- k) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [2016/460](#) frá 30. mars 2016 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2016, þann 3. júní 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 18. ágúst 2016, bls. 420-427.

- l) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [2016/293](#) frá 1. mars 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka, sem vísað er til í tölulið 12w, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2016, þann 8. júlí 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52 frá 22. september 2016, bls. 183-187.

2. gr.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds, sbr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. [850/2004](#).

3. gr.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla efnalaga.

4. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt XIV. kafla efnalaga og 50. gr. laga um meðhöndlun úrgangs.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. [1195/2006](#) frá 18. júlí 2006 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni.
- 3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. [172/2007](#) frá 16. febrúar 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. [323/2007](#) frá 26. mars 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. [304/2009](#) frá 14. apríl 2009 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) að því er varðar meðhöndlun úrgangs sem inniheldur þrávirk, lífræn mengunarefni, í varmaferlum og málmframleiðsluferlum.
- 6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [756/2010](#) frá 24. ágúst 2010 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni.
- 7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [757/2010](#) frá 24. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. og III. viðauka.

- 8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. [519/2012](#) frá 19. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk lífræn efni að því er varðar I. viðauka.
- 9) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. [1342/2014](#) frá 17. desember 2014 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk lífræn mengunarefni.
- 10) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [2015/2030](#) frá 13. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka.
- 11) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [2016/460](#) frá 30. mars 2016 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni.
- 12) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) [2016/293](#) frá 1. mars 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [850/2004](#) um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11. tölul. 11. gr. efnalaga nr. [61/2013](#) og 13. gr. laga nr. [55/2003](#) um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 103/2009 um þrávirk lífræn efni.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. október 2013.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Stefán Thors.